



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 14. janúar 2008

Tilvísun: UST20071200105/sf

Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Gjábakkavegur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu frá 20. desember 2007 vegna breytingar á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012. Breytingin varðar færslu Gjábakkavegar milli Miðfells í Þingvallarsveit og Laugarvatns. Sá hluti vegarins sem er innan fyrrum Laugardalshrepps (nú hluti af Bláskógabyggð) er um 11 km að lengd. Skipulagstillagan hefur verið auglýst og er frestur til athugasemda til 14. janúar.

Eins og fram kemur í greinargerð með skipulagstillögunni féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða lagningu Gjábakkavegar frá Laugarvatni til Þingvalla í Bláskógabyggð samkvæmt öllum framlögðum leiðum og lagningu tengivegar að Laugarvatnsvöllum með ákveðnum skilyrðum, sbr. úrskurð stofnunarinnar frá 24. maí 2006. Umhverfisráðherra staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar að viðbættu eftirfarandi skilyrði:

„Vegagerðinni er skylt að láta gera mælingar á ákomu loftaðborinnar köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir hefjast og í a.m.k. 5 ár eftir að framkvæmdum lýku og gera samanburð við aðrar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu. Vegagerðinni ber að hafa samráð við Umhverfisstofnun um slíkar mælingar og mat á þeim.“

Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig standa eigi að mælingunum.


Í greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps kemur fram að sú leið sem lögð er til grundvallar aðalskipulagsbreytingunni er sú leið sem Vegagerðin taldi ákjósanlegasta, þ.e. samsett leið 3 að austan og leið 7 að vestan.


Afstaða Umhverfisstofnunar til færslu Gjábakkavegar kemur skýrt fram í umsögnum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og hefur hún ekki breyst. Eins og þar kemur fram telur stofnunin að vegagerð í Eldborgahrauni samkvæmt svokallaðri leið 7 muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Vegna verndargildis Eldborgarhrauns sem talið er sérstakt á heimsvísu telur stofnunin að forðast ætti að mynda nýtt framkvæmdabelti í hraunið og að endurbyggja eigi þess í stað núverandi Gjábakkaveg í Eldborgarhrauni með 70 km hönnunarhraða. Umhverfisstofnun telur að endurbyggð leið 1 austur fyrir Barmaskarð og tenging þaðan sunnan Laugarvatnsvalla að leið 3 sem verði fylgt þaðan austur að Laugarvatni sé vænlegasti kostur í vegagerð á þessu svæði þar sem sú framkvæmd væri á vegsvæði núverandi Gjábakkavegar um Eldborgarhraun.

Í kafla 4.1.2 í greinargerð með skipulagstillögunni er fjallað um áhrif efnistöku og segir þar m.a.: „Með umhverfismati framkvæmdar hefur öll efnistaka verið kortlögð og miðast hún við að valda sem minnstum spjöllum á landi. Með því að haga efnistöku þannig að efni sé tekið á stóru svæði með tiltölulega litlu inngripi (grunnt tekið) má koma því þannig fyrir að víða mun efnistakan ekki sjást að nokkrum árum liðnum.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er alltaf ákjósanlegast að haga efnistöku þannig að hún sé tekin á stóru svæði, heldur verður að haga efnistöku eftir því sem ákjósanlegast eru hverju sinni miðað við aðstæður. Lýsing á efnisvinnslu og frágangi þarf að taka mið af þeim námum sem lýst er í matsskýrslu og áætlunum um vinnslu og frágang þar.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir



Hjalti Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.